



Borgarráð

Framsal hluta Reykjavíkurborgar í Speli ehf. til Vegagerðarinnar f.h. ríkissjóðs Íslands

Lagt er til að borgarráð samþykki framsal allra hluta Reykjavíkurborgar í Speli ehf. með öllum þeim réttindum og skyldum sem hlutunum fylgja til Vegagerðarinnar f.h. ríkissjóðs Íslands, án sérstakrar greiðslu, og að fela borgarstjóra að undirrita hjálagðan framsalssamning þess efnis, sbr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar með síðari breytingum og 2. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Um er að ræða framsal á öllum hlutum Reykjavíkurborgar í Speli ehf. sem eru að nafnvirði kr. 1.745.

Greinargerð:

Með samningi annars vegar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og hins vegar Eignarhaldsfélagsins Spalar ehf. og Spalar ehf., dags. 30. september 2018, voru Hvalfjarðargöngin afhent íslenska ríkinu til eignar í samræmi við upphaflegan samning félagsins við stjórnvöld frá árinu 1995. Í kjölfarið voru félögin Spölur ehf. og Eignarhaldsfélagið Spölur ehf. sameinuð undir nafni hins fyrrnefnda. Reykjavíkurborg var hluthafi í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. og síðar í Speli ehf. við samruna þessara tveggja félaga, en hluthafar í fyrrnefnda félaginu héldu rétti sínum í Speli ehf.

Framsal það sem nú fer fram af hálfu hluthafa er á grundvelli þess sem samþykkt var á aðalfundi Spalar ehf. hinn 29. maí 2019 um að afhenda Vegagerðinni f.h. íslenska ríkisins félagið Spöl ehf. til eignar. Áformað er að nota þá fjármuni sem eftir eru í félaginu til að efla öryggisþætti í Hvalfjarðargöngunum í samræmi við það sem hlutaðeigandi aðilar skuldbundu sig til þegar Hvalfjarðargöngin voru afhent íslenska ríkinu með áður nefndum samningi.

Fyrir liggur staðfesting lögmanns Spalar ehf. um að enginn hluthafi hafi fengið sérstaka greiðslu fyrir hluti sem þeir lögðu félaginu til. Þá hafi nær allir hluthafar þegar fengið árlega arðgreiðslu og hlutafé sitt endurgreitt, verðtryggt, en hinn 30. september sl. fékk Reykjavíkurborg endurgreitt þannig uppreiknað hlutafé sitt í Speli ehf., samtals að fjárhæð kr. 684.740,-. Þannig sitji allir hluthafar við sama borð og njóti réttinda samkvæmt samningi Spalar hf. við íslenska ríkið um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð, upphaflega dags. 21. janúar 1995, en sem var breytt með nýjum samningi, dags. 22. apríl 1995, og jafnframt samkvæmt samkomulagi samgönguráðuneytisins og Eignarhaldsfélagsins Spalar hf., dags. 11. desember 1997.

Eins og að framan greinir stendur nú til að Vegagerðin f.h. íslenska ríkisins leysi til sín alla hluti í Speli ehf. og annist yfirtöku allra skuldbindinga félagsins og hugsanleg slit þess þegar að því kemur. Af því tilefni er lagt til að borgarráð samþykki framangreinda tillögu um framsal allra hluta Reykjavíkurborgar í Speli ehf. til Vegagerðarinnar f.h. ríkissjóðs Íslands, án sérstakrar

greiðslu, sbr. hjálagður framsalssamningur milli Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar f.h. ríkissjóðs Íslands.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Framsalssamningur um hluti í einkahlutafélagi, drög (trúnaðarmál).

Afhending Hvalfjarðarganga til íslenska ríkisins og útgreiðsla hlutafjár og arðs til hluthafa. Bréf frá Speli til Reykjavíkurborgar, dags. 24. október 2019.

Boðun aðalfundar Spalar ehf., dags. 14. maí 2019 (trúnaðarmál).

Fundargerð Spalar ehf., dags. 29. maí 2019 (trúnaðarmál).